

**Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 69. fundur Skólanefndar  
Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði, mánudaginn 27. ágúst  
2012  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Birna Benediktsdóttir (BB) Ritari, Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB) Formaður, Anna Kristín Hjálmarsdóttir (AKH) Aðalmaður og Margrét Pála Ólafsdóttir Embættismaður.

**Fundargerð ritaði:** Birna S. Benediktsdóttir,

**Dagskrá:**

**1. 1207055 - Umboð Tálknafjarðarhrepps vegna Hjallastefnunnar ehf.**

Oddviti Tálknafjarðarhrepps Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS) sat fundinn undir þessum lið. Farið yfir gögn sem lágu fyrir 444.fundi hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps þann 30.júlí s.l., ásamt fundargerð skólaráðs Tálknafjarðarskóla þann 5.júlí 2012. Þá voru kynnt bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins er varða fyrirspurn um fyrirkomulag skólahalds á Tálknafirði skólaárið 2012-2013. EIS ásamt lögmanni á lögfræðisviði Sambands íslenskra sveitarfélaga, vinna að því að svara bréfum ráðuneytisins.

Skólanefnd vill að það koma fram hér að hún hefur komið að þessari ákvörðun frá öllum hliðum málsins og haldið formlega og óformlega fundi í því sambandi.

**2. 1208033 - Skóladagatal 2012-2013**

Skóladagatalið lagt fyrir skólanefnd og samþykkt samhljóða.

**3. 0909096 - Upplýsingagjöf skólastjóra**

Skólastjóri Tálknafjarðarskóla Margrét Pála upplýsti að hún er í sambandi við Kristínu Jónsdóttur frá menntavísindasviði Háskóla Íslands og er hún ráðgjafi skólans sambandi við kennsluáætlanir og kennslu. Skóladagur allra stiga er lengri en aðalnámskrá er að lágmarki til að mæta því að heimanám er aðeins lestur. Margrét Pála hefur sótt um undanþágu fyrir Kristínu Helgu sem kennara á unglíngastigi þar sem engin umsækjandi var um þá stöðu. Margrét ætlar að leggja fyrir næsta fund drög starfsáætlun. Bend má á að það er stór áfangi að Tálknafjarðarskóli er komin undir eitt þak sem leik-, tónlist- og grunnskóli og hefur verið lyft grettistak í þeim málum. Einnig er allur matur eldaður innan skólans og eru allir nemendur sem njóta hans. Eiga þeir sem að því komu hrós skilið.

**4. 1001015 - Önnur mál**

Fundartími skólanefndar verður framvegis fyrsta mánudag í hverjum

mánuði, en næsti fundur verður næst eftir rúman mánuð eða þann 1. okt kl 17:00.  
Skólaráð munu Helga Birna og Margrét Pála kalla saman í þessari viku.

**5. 1208032 - Mennta- og menningarráðun. /Kí Skilgreining á skóladögum í grunnskólum**

Lagt fram kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .**

---

---

---

---

---

---

---

---